

AÐALFUNDUR FKA 2022

FUNDARGERÐ

Aðalfundur Félags kvenna í atvinnulífinu (**FKA**), kt. 710599-2970, Borgartúni 35, 105 Reykjavík, var haldinn þann 2. maí 2022 kl. 17:00 og fór fram með rafrænum hætti. Fundinum var síðan frestað og framhaldið þann 4. maí 2022 kl. 17:00 og fór þá fram í Rafstöðvarheimilinu í Elliðaárdal.

Mættar voru félagskonur í FKA. Dagskrá fundarins var svohljóðandi í samræmi við fundarboðun og 6. gr. laga félagsins.

- *Dagskrá 2. maí 2022 kl. 17 – haldinn í raf.*

1. Kosning ritara og fundarstjóra
2. Lagabreytingar
3. Kynning framboða
4. Kosning hefst. Lokað verður fyrir frekari framboð að lokinni kosningu um lagabreytingu.

- *Dagskrá 4. maí 2022 kl. 17 – haldinn í raf & raun.*

5. Skýrsla stjórnar
6. Nefndir & deildir – dagskrá vetrarins
7. Reikningur félagsins – gjaldkeri
8. Árgjald
9. Kosning skoðunarmanna
10. Niðurstöður kosningar
11. Önnur mál

* * * * *

1. Kosning ritara og fundarstjóra

Formaður FKA, Sigríður Hrund Pétursdóttir setti fundinn fyrir hönd stjórnar og bauð félagskonur velkomnar. Hún lagði fram tillögur fyrir hönd stjórnar um að tilnefna Berglindi Rán Ólafsdóttur sem fundarstjóra og Áslaugu Gunnlaugsdóttur sem fundarritara. Aðrar tillögur komu ekki fram og voru tillögurnar samþykktar.

Fundarstjóri fór yfir lögmæti fundarins. Til fundarins var boðað með lögbundnum hætti samkvæmt ákvæði 6. gr. laga félagsins. Fundurinn var því lögmætur og ákvörðunarbær.

Fundarstjóri fór yfir dagskrá fundarins og óskaði eftir leyfi fundarins til að færa lagabreytingar framar í dagskrána og var tillagan samþykkt. Þá útskýrði fundarstjóri hlutverk og opnunartíma þjónustuversins „*tanksins*“ þar sem veitt var aðstoð og leiðbeiningar í tengslum við rafræna framkvæmd fundarins. Fundarstjóri kynnti kjörstjórn fundarins og minnti á frest til að bjóða sig fram til stjórnar á fundinum og hvenær hann rynni út.

2. Lagabreytingar

Fundarstjóri kynnti fyrirliggjandi frumvarp að nýjum lögum FKA sem hefur verið í vinnslu allan síðasta vetur og er afurð ölduróts liðinna ára og hefur það markmið að auka valddreifinguna í félaginu og gera verkaskiptinguna skýrari.

Eftir að fundarstjóri hafði kynnt lagabreytingarnar var opnað fyrir kosningu um breytingarnar í 3 mínútur.

Fundarstjóri kunngerði niðurstöðu kosninga um lagabreytingarnar samkvæmt niðurstöðu kjörstjórnar. Atkvæði féllu á þennan veg: „Já“ sögðu 48, „nei“ sögðu 4, „auð atkvæði“ voru 4. Lagabreytingarnar hlutu því samþykki 85,71% fundarkvenna.

3. Kynning framboða

Skrifstofa FKA auglýsti eftir framboðum til stjórnar í tæka tíð fyrir fundinn. Þrjú sæti voru laus til setu í stjórn félagsins til tveggja ára, eitt sæti til eins árs og tvö varasæti. Þegar kosning hófst höfðu 5 framboð borist til setu í 2 ár í stjórn félagsins og eitt framboð hafði borist um setu í stjórn félagsins til 1. árs. Fundarstjóri útskýrði framkvæmd kosninganna.

Í framboði til stjórnar FKA til tveggja ára voru: Dóra Eyland, Guðrún Gunnarsdóttir, Íris Ósk Ólafsdóttir, Sigrún Jenný Barðadóttir og Unnur Elva Arnardóttir. Í framboði til stjórnar til 1. árs var Elfur Logadóttir.

4. Kosning hefst

Lokað var fyrir frekari framboð til stjórnar að lokinni kosningu um lagabreytingar. Opnað var fyrir kosningu á fundinum og gerði fundarstjóri grein fyrir því að kosningu myndi ljúka á fundinum kl. 17:30 þann 4. maí.

5. Skýrsla stjórnar

Formaður FKA, Sigríður Hrund Pétursdóttir fór yfir skýrslu stjórnar á starfsárinu.

6. Nefndir & deildir – dagskrá vetrarins

Framkvæmdastjóri FKA, Andrea Róbertsdóttir flutti skýrslur starfsnefnda og deilda félagsins og fór yfir starfsár þeirra. Fundarstjóri gerði síðan grein fyrir nöfnum þeirra kvenna sem gefa kost á sér á komandi starfsári til setu í sex nefndum á vegum félagsins og var nöfnum kvennanna varpað upp á skjá.

Fundarstjóri fór yfir framkvæmd kosninga í nefndir og kynnti rafrænan kjörseðil vegna kosninganna. Kosning var opin í þrjár mínútur og var með rafrænu sniði eins og aðrar kosningar á fundinum.

Fundarstjóri gerði grein fyrir niðurstöðum kosninga í nefndir. Niðurstaðan var sú að fundarkonur samþykktu að þær konur sem gáfu kost á sér í nefndir félagsins samkvæmt fyrirliggjandi lista myndu taka sæti í nefndunum. Atkvæði féllu á þá leið að 39 greiddu atkvæði, þar af sögðu 38 „já“. Framboð til setu í nefndum FKA 2022 var því samþykkt af fundinum.

7. Reikningur félagsins – gjaldkeri FKA

Elísabet Tanía Smáradóttir gjaldkeri stjórnar fór yfir reikninga félagsins fyrir starfsárið. Þegar reikningur félagsins hafði verið kynntur opnaði fundarstjóri fyrir umræður. Reikningurinn var borinn undir atkvæði fundarkvenna á kosningavefnum. Kjörstjórn tók saman niðurstöðu kosninga um reikninga félagsins. Fundarstjóri gerði grein fyrir niðurstöðum kosninganna sem var á þá leið að 38 greiddu atkvæði og 38 sögðu „já“. Reikningur félagsins var því samþykktur.

8. Árgjald

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar um að árgjald félagsins yrði óbreytt. Tillagan var borin undir atkvæði og var niðurstaðan sú að 42 greiddu atkvæði og „já“ sögðu 42. Tillagan um óbreytt árgjald var því samþykkt af fundinum.

9. Kosning skoðunarmanna

Tillaga var borin upp um að Nanna G Waage Marinósdóttir yrði kjörin skoðunarmaður reikninga og Ingibjörg Guðmundsdóttir til vara. Niðurstaða kosninga um skoðunarmenn var að 42 greiddu atkvæði og 42 sögðu „já“.

10. Niðurstöður kosningar

Guðný Birna Guðmundsdóttir formaður kjörstjórnar kynnti niðurstöður kosninga til stjórnar.

Samtals greiddu 112 félagskonur atkvæði á fundinum og 2 atkvæði voru auð. Atkvæði í kosningu féllu á eftirfarandi hátt:

- Guðrún Gunnarsdóttir hlaut 69 atkvæði í 1. sæti.
- Unnur Elva Arnarsdóttir hlaut 67 atkvæði í 2. sæti
- Dóra Eyland hlaut 50 atkvæði í 3. sæti.
- Sigrún B hlaut 47 atkvæði sem fyrsta varakona í stjórn.
- Íris hlaut 35 atkvæði sem önnur varakona í stjórn.

Elfur Logadóttir var sjálfkjörin til setu til 1. árs í stjórn.

11. Önnur mál

Fundarstjóri gaf orðið laust. Elfur Logadóttir bað um orðið og þakkaði fráfarandi stjórn fyrir góð störf á starfsárinu. Jafnframt þakkaði hún félagskonum fyrir góða vinnu í tengslum við lagabreytingar félagsins.

Fundarritari las fundargerð upp í heyranda hljóði. Ein athugasemd barst úr sal og leiðrétti fundarritari fundargerðina.

Fundastjóri bar fundargerðina undir fundarkonur og var hún samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:20.